

Skýrsla stjórnar flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands háð þann 29.2.2020 í húsnæði ÍSÍ að Engjavegi 6 í Reykjavík.

Ávarp og inngangur

Þingforseti – ágætu þingfulltrúar

Til hamingju með tíu ára afmæli Kraftlyftingasambands Íslands.

Við erum að ljúka tíunda starfsár sambandsins og hér kemur skýrsla stjórnar um starfið frá síðasta þingi sem var háð hér 23.febrúar 2019.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn sambandsins var þannig skipuð ár árinu.

Gry Ek Gunnarsson formaður

Þórunn Lilja Vilbergsdóttir varaformaður

Inga María Henningsdóttir ritari

Alex Cambrey Orrason gjaldkeri,

Aron Friðrik Georgsson og Guðbrandur Sigurðsson meðstjórnendur.

Aron var auk þess vefstjóri.

Þórunn eignaðist soninn Berg í haust og tók sér leyfi frá störfum en fylgdist með allri umræðu og lagði til málanna.

Stjórnin hefur haldið 11 bókaða stjórnarfundum og einn formannafund frá síðasta kraftlyftingapingi.

Auk þess hafa verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. ÍSÍ og afrekssjóði.

Sambandið tók þátt í störfum Íþróttapings 2019 og sátu þingið Gry, Guðbrandur og Lára

Þá er ótalinn fjöldinn allur af símtölum, tölvupóstum og snúningum.

Stjórnarmenn hafa lagt fram mikla vinnu og þakkar formaður þeim fyrir vel unnin störf á árinu.

Þrjú félagar ganga úr stjórn á þessu þingi, Alex Orrason, Aron Friðrik Georgsson og Guðbrandur Sigurðsson. Ég vil þakka þeim óeigingjarnt sjálfbodastarf í þágu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og reikna með að við megum leita til þeirra með ráðleggingar í framtíðinni.

Nefndir

Á árinu hafa starfað eftirfarandi nefndir: dómaranefnd, laganefnd, mótanefnd, landsliðsnefnd og heiðursmerkjanefnd. Þær voru vel mannaðar og unnu sín verkefni vel.

Dómaranefnd: Sólvéig H Sigurðardóttir formaður, Helgi Hauksson, Sturlaugur A Gunnarsson.

Laganefnd: Ása Ólafsdóttir og Sigurjón Pétursson. Mótanefnd: Þórunn Lilja Vilbergsdóttir formaður, Einar Örn Guðnason, Ingimundur Björgvinsson. Landsliðsnefnd: Gry Ek formaður, Helgi Hauksson, Aron Teitsson. Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek formaður, Auðunn Jónsson, Guðjón Hafliðason.

Ég vil þakka nefndarmönnum fyrir störfina, en það er sérstakt hjartansmál mitt að virkja sem flesta til starfa og dreifa verkefnum á margar hendur og eru vel virkir nefndir mikil aðstoð við stjórn.

Á þessu þingi er í fyrsta sinn farið eftir nýju ákvæði í lögum og formenn nefnda kosnir á þinginu sjálfu. Það er gert bæði til að undirstrika mikilvægi nefndastarfanna og til að gefa félögum tækifæri til að koma efnilegu fólki inn í starf sambandsins án þess að menn þurfi að skuldbinda sér í stjórn.

Skrifstofa

Skrifstofa sambandsins er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lára Bogey Finnbogadóttir var ráðin á skrifstofuna í 30% starf frá 1.apríl. Starf hennar hefur að mestu leyti snúist um afreksmálin, skráningar og samskipti vegna erlendra móta, búningamál, samninga o.a. Lára þekkir íþróttina og aðstæður manna vel og er rösk og ósérhlífin og hefur reynst góður starfskraftur.

Í haust fengum við til liðs við okkur reyndan bókara, Magnús Magnússon sem hefur tekið að sér að færa bókhaldið og gera ársreikning. Þetta gefur betra yfirsýn yfir stöðu fjármála, léttir undir með gjaldkera og samræmist góðum vinnubrögðum að hafa bókhald og greiðslur hjá tveimur aðilum.

Erlend samskipti

Að venju sótti fulltrúi KRAFT ársþing og aukabing IPF, þing EPF og stjórnarfund NPF. Það er afar mikilvægt að Ísland sé sýnilegt og taki þátt í slíku samstarfi þar sem við bæði veitum og þiggjum. Í tveimur erindum við IPF á árinu stóðu Norðurlöndin saman sem flutningsmenn, er það nýmæli og styrkur fyrir Norðurlöndin og, teljum við, fyrir alþjóðastarfið í heild. Ísland á fulltrúa á nokkrum stöðum í alþjóðastarfi. Sigurjón Pétursson var endurkjörinn varaforseti IPF til fjögurra ára í Dubai og Gry Ek situr í stjórn NPF og er vefstjóri.

Lög og reglugerðir KRAFT

Ný heildarlög voru samþykkt á síðasta þingi og hafa þau verið staðfest af ÍSÍ.

Í kjölfarið gerði stjórn nauðsynlegar breytingar á reglugerðum. Nýjustu uppfærslur á reglum eru að finna á kraft.is og þær voru jafnframt kynntar í tölvupóstum til félaga.

Tæknireglur IPF tóku breytingum á árinu og var þeim snarlega snarað á íslensku af Helga Haukssyni og voru komnar á vefinn í janúar. Kunnum við honum þökk fyrir.

1.janúar 2019 tóku gildi hin nýju IPF stig eftir mikinn tilkostnað og undirbúning. Þau hafa verið umdeild og þykir ekki gefa réttláta mynd af árangri, sérstaklega þykir hallað á þyngstu flokkana. Verið er að meta stöðuna hjá IPF og fyrir þingið í dag liggur tillaga frá Stjórnunni um að taka upp annað fyrirkomulag hér innanlands.

Landsliðssamningar hafa verið uppfærðir og breyttir á árinu.

Landsliðslágmörk 2021 verða uppreiknuð á næstunni og hefur stjórnin í hyggju að víkka úrtakið við útreikningana og viljum við gjarnan fá álit þingfulltrúa um það undir liðnum önnur mál.

Félagamál og Felix

Skráðir félagar eru 1462 (1195)

Í dag eru 21 félög skráð í Felix. Þeim hefur fækkað um eitt á árinu. Lyftingafélag Hafnarfjarðar var vísað úr sínu héraðssambandi vegna þess að það skilaði ekki skýrslu.

Ég vil brýna fyrir öll félög að tryggja að formsatriði eins og reikningar, fundargerðir og skýrslur séu í lagi. Það er kannski ekki skemmtilegasta vinnan, en fyrir okkur sem þiggjum opinbera styrki er

nauðsynlegt að hafa slíka hluti í lagi. Góðar skýrslur og fundargerðir eru líka gagnlegar heimildir fyrir félagið sjálft.

Við viljum auðvitað ekki sjá fækkun, en við viljum heldur ekki sjá félög sem ekki starfa eftir reglum og uppfylla kröfur. Starfsemi í félögum er misgróskumikill og þar ræður ekki endilega fjöldi meðlima. Lítið og samtaka félag getur áorkað mikiu. Samstarf félaga um mótahald, þjálfun og fræðslu er möguleiki sem má nýta.

Felix er kerfið sem ÍSÍ og þ.a.l. KRAFT notar og er það á ábyrgð félaga að hafa skráningar réttar, en eftir þeim er farið í öllum skráningum, skýrslum o.fl.

Aðstöðumál eru ofarlega í huga flestra félaga. Stjórnin hefur á sínum verkefnalista að klára handbók með lýsingu á nauðsynlegum búnaði og aðstöðu sem getur nýst félögum í þeirra viðræðum við sveitarfélög og héraðssambönd og er það eitthvað sem ný stjórn þarf að vinna sér í. Þar munum við geta leitað í smiðju KFA sem hefur unnið slíkt efni.

Mótamál

Mótanefnd starfaði undir forystu Þórunnar Lilju Vilbergsdóttur, en með henni í nefndinni voru Einar Örn Guðnason og Ingimundur Björgvinsson. Einar tók við formennsku þegar Þórunn fór í fæðingarfrí. Mótaskrá 2020 er að finna á heimasíðu KRAFT og hefur tekið nokkrum breytingum frá í fyrra. Mót hafa verið færð til í dagatali og horfið er aftur til þess fyrirkomulags að hafa Íslandsmótin í opnum flokki og aldurstengdum flokkum saman.

12 mót voru haldin 2019 en 2020 er gert ráð fyrir 8 keppnisdögum.

Fimm félög héldu mót á mótaskrá 2019 og stefnir í það sama 2020.

Eitt alþjóðlegt mót hefur verið haldið frá síðasta þingi í tengslum við RIG 2020. Kraftlyftingadeild Ármanns sá um framkvæmd og gerði það vel.

Við þökkum öllum mótshöldurum ársins .

Skráningar á mót 2019 voru 201 en voru 258 árið 2016.

Tímasetning og staðsetning móta getur hafa haft eitthvað að segja um þessa fækkun en þetta er ekki þróunin sem við viljum sjá.

Dramatísk fækkun hefur orðið í búnaðarlyftingum.

Á ÍM í kraftlyftingum 2019 voru fjórir keppendur. Á ÍM í bekkpressu voru þau fimm. Á ÍM unglunga og öldunga var einn keppandi.

Fækkun búnaðarkeppenda er alþjóðleg trend og hjá sumum þjóðum er jafnvel í alvöru rætt um að leggja niður keppni í búnaði. KRAFT hefur tekið sömu pól í hæðina í því máli eins og IPF og EPF, að jafnstilla klassískar og búnaðar og leyfa iðkendum að þróa málið án inngrípan að ofan.

2020 fer Vesturvefningumótinu fram á Íslandi og hefur Massi tekið að sér mótahaldið. Suðurnesjamenn eru ekki að halda alþjóðamót í fyrsta sinn og treystum við þeim vel til þess. Ég vænti að önnur félög bregðist vel við ef leitað er eftir aðstoð og gerum við ráð fyrir útgjöld til mótsins á fjárhagsáætlun.

Dómaramál

Tveir dómarmen hafa bæst á dómarmalistann frá síðasta þingi og hefði verið æskilegt að þeir væru fleiri. Ég vil þakka Helga Hauksyni fyrir hans störf í þessu sambandi. Dómarnefndin undir forystu Sólveigar H Sigurðardóttir hafa komið að flestum málum varðandi dómgæslu.

Möguleiki er fyrir dómara að skrá sig í dómgæslu fram í tímann til að auðvelda bæði dómerum og mótshöldurum lífið. Þetta hefur virkað svona 50% en ég tel þetta ekki vera fullreynt og hvet menn til að nota þetta tækifæri og athuga hvort við getum fengið þetta til að virka 75% á næsta ári.

Einn alþjóðadómari bættist við. Ása Ólafsdóttir hlaut réttindi á EM í Pilzen fyrst íslenskra kvenna og fögnum við því. Alþjóðadómarar þurfa að endurnýja réttindi sín 2020 og ég vona innilega að þeir allir haldi áfram í þessu mikilvæga starfi. Við höfum fengið styrk frá ASJ fyrir starf alþjóðadómara.

Þjálfaramál

Ný stefnuýfirlýsing ÍSÍ um þjálfaramenntun var samþykkt á íþróttþingi 2019 og tekur KRAFT mið af henni eins og fram kemur í afreksstefnu okkar.

Þetta er brýnt verkefni, en eitt af því sem ASJ horfir til við flokkun sérsambanda er fagmennska og menntun afreksþjálfara. Hjá flestum félögum starfa þjálfarar eða leiðbeinendur sem í mörgum tilfellum hafa mikla reynslu en ekki að sama skapi mikla menntun. Þetta er eitthvað sem við viljum bæta úr.

Töluverð vinna fór á síðasta ári í að undirbúa sérgreinahluta þjálfara 1 náms sem lengi hefur staðið til að halda og var stefnan að halda námskeiðið haust 2019. Það tókst ekki, en undirbúningurinn skilaði sér og er nú er í boði metnaðarfullur námspakki og skráning hafin.

Við höfum notið aðstoðar norska sambandsins sem hefur unnið mikið verk í sinni þjálfaramenntun og er stefnt að því að þjálfara 1 námskeið verði í boði reglulega framvegis.

Einn þjálfari aflaði sér IPF coach 2 réttindi á árinu með styrk frá ASJ.

Deilumál

Með lögum samþykktum á síðasta þingi var aganefnd lögð niður og gert ráð fyrir í 31. grein að deilumálum yrði héreftr vísað til Dómstóls ÍSÍ. Ekkert mál kom upp á árinu, þrjú mál voru hins vegar höfðuð á hendur Kraftlyftingasambands Íslands fyrir dómstólnum. Tveimur málum var vísað frá og í hinu þriðja var úrskurðað sambandinu í vil.

Miðlar

Kraft.is ásamt gagnabankann okkar results.kraft.is eru helstu upplýsingamiðlar sambandsins og hefur Aron Friðrik að mestu leyti séð um þær. Klaus Jensen hefur séð um gagnabankann. Við þökkum þeim skjót viðbrögð þegar þörf var á og vel unnin störf.

Facebooksíðuna hefur líka verið notuð töluvert og eitthvað hefur bæst við af myndum á flickrsíðu sambandsins. "Hirðljósmyndarar" okkar, Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálisdóttir eiga mikið safn mynda úr okkar starfi á sínum myndasíðum og hafa góðfúslega leyft sambandinu að nota þær í kynningarskygni og er það mikils metið. Ef menn vilja nota myndirnar þeirra í öðrum tilgangi þarf að sjálfsögðu að leita samþykkis höfunda.

Sambandið hefur líka instagramreikning #kraftlyftingasamband_islands og youtube-rás sem voru vakin úr dvala á RIG í janúar sl við góðar undirtektir. Þökkum Bjarna Einarssyni og Önnu Elvars fyrir. Brýnt er að halda því lifandi áfram og það verður verkefni næstu stjórnar að styrkja stöðu okkar á félagsmiðlum. Félög og félagar geta hjálpað til við að deila myndum og viðburðum og tengja við miðlana.

Landsliðs- og afreksmál.

Auðunn Jónsson var ráðinn íþróttastjóri í 20% starfi fom 15.maí sl.

Auðunn þekkir íþróttina og aðstæður afreksmanna betur en flestir og hefur gífurlega öflugt tengslanet bæði innanlands og utan. Hans verkefni hafa snúist um að aðstoða og ráðleggja landsliðsmenn í undirbúningi og á mótssstað og gera úttekt á árangur og fylgja málum eftir. Hann hefur líka unnið við undirbúning og framkvæmd í úrvalshópi unglunga og samskiptum við ASJ oa. Innkoma hans hefur verið mikill styrkur og gefið góða raun og leggur stjórnin til í fjárhagsáætlun að starfshlutfall hans verði aukið í 30%.

Landsliðsverkefni á árinu:

Þegar öll mót eru með talin voru skráningar á alþjóðamótum þessi:

Opinn flokkur: 13 konur og 23 karlar

Junior og subjunior: 9 konur og 8 karlar

Öldungflokkar: 5 konur og 4 karlar.

Samtals 62 skráningar Neðst í skýrslunni er nákvæmt yfirlit yfir árangur.

Á mótum í opnum flokki og flokkum unglunga unnu okkar menn

12(25)gull, 9(9) silfur og 6(14) brons, samtals 27(48) peninga á fjórtán alþjóðlegum mótum á árinu.

Hæst ber bronsverðlaun Júlíans í +120 kg flokki á HM.

Auk þess unnu öldungarnir okkar afrek og komust þrjú á pall á árinu. Gaman var að fagna

Evrópumeistaratitli Halldórs Eypórssonar í -83 kg flokki M3, en Halldór byrjaði að keppa kringum

1980 og á því 40 ára keppnisafmæli á árinu!

Tvö heimsmet voru sett af okkar fólki.

Júlían J K Jóhansson – heimsmet í réttstöðulyftu í +120 kg flokki – 405,5 kg

Sóley Margrét Jónsdóttir – heimsmet í hnébeygju í +84 kg flokki stúlkna – 265,5 kg

AFREKSSJÓÐUR - AFREKSSTEFNA

Afreksstefna KRAFT var rædd á formannafundi í nóvember og hafa nokkrar smávægilegar breytingar verið gerðar á henni í ljósi breyttra aðstæðna, t.d. við það að fræðslunefnd var lögð af.

Reglum samkvæmt verður hún borin upp til staðfestingar á eftir.

Kraftlyftingasambandið var flokkað sem B-samband hjá ASJ í fyrra, en styrkurinn var aukinn.

Samstarf við ASJ hefur verið gott og hreinskipt, en sjóðurinn er sjálfur að þróa sínar reglur og sín vinnubrögð og hafa sérsamböndin komið með innlegg í þá umræðu.

Stofnaður var vinnuhópur um aðstæður og umhverfi afreksmanna og er íþróttastjóri okkar með í þeim hópi.

Styrkur frá ASJ hefur gert sambandinu kleift að styrkja afreksmenn betur í ár en undanfarin ár.

Áhersla var lögð á að styrkja A og B hópana í opnum flokki en aukinn styrkur var líka veittur til annara verkefna. Árinu var skipt í tvö tímabil og endurskoðað á miðju ári miðað við fjárhagsstöðu.

Það er vilji til að styrkja unglingastarfið og hefur verið sótt um styrk í hæfileikamótun og ferðir yngri liða á árinu.

Sambandið hefur aðgang að fagfólki í skilgreindu heilbrigðisteymi sem veitir ráðgjöf, fræðslu og aðstoð við afreksmenn.

Styrkur Afrekssjóðs til KRAFT árið 2020 er 15.000 000.

Framundan er að ganga formlega frá samningum og útfæra nákvæmara.

Án styrks frá ASJ væri ógerningur að halda uppi jafn öflugu afreksstarfi og raun er, um leið er það veikleiki að vera svo háð honum og það skapar óvissu að úthlutun taki bara til eins árs í senn. Sjóðurinn stendur ekki og er ekki ætlað að standa alfarið undir afreksstarfið okkar en illa hefur gengið að finna almenna styrktaraðila fyrir sambandið og því lendir töluverður kostanður á keppendum og þeirra félög. Samskiptin við ASJ hafa að miklu leyti verið í höndum Alex og Guðbrands og hafa þeir sinnt því vel.

Afreksfólk

Kraftlyftingakona og kraftlyftingakarl ársins 2019 voru valin þau Sóley Margrét Jónsdóttir, KFA og Júlían J.K. Jóhannsson Ármanni.

Júlían sigraði jafnframt í kjöri íþróttakarls Reykjavíkur og síðast en ekki síst varð hann stigahæstur í kjöri íþróttamanns ársins og tók við verðlaunagripinn úr hendi forseta Íslands í beinni sjónvarpsútsendingu – okkur til mikillar ánægju og ekki laust við að maður sá tár á hvarmi hörðustu manna.

Kraftlyftingamenn hlutu víðar viðurkenningar. Viktor Samúelsson var kjörinn íþróttakarl Akureyrar og Sóley Margrét varð önnur í kjöri í kvennaflokki. Bæði í Njarðvíkum, Mosfellsbæ, Akranesi og Borgarfirði vakti okkar fólk eftirtekt.

Nafn íþróttakarls: Júlían J K Jóhannsson

Aldur: fæddur 1993

Félag: Glímufélagið Ármann

Júlían J K Jóhannsson er nú í fimmta sinn valinn kraftlyftingakarl ársins, en hann hefur haslað sér völl sem einn af sterkustu keppendum heims í +120 kg flokki.

Júlían vann bronsverðlaun fyrir samanlagðan árangur á heimsmeistaramóti í Dubai í nóvember sl. en þar bætti hann jafnframt sitt eigið heimsmet í réttstöðulyftu með 405,5 kg og tryggði sér gullverðlaun í greininni. Heildarþyngdin sem Júlían lyfti á heimsmeistaramótinu voru 1148 kg. en það er mesta þyngd sem íslenskur kraftlyftingamaður hefur lyft. Í maí sl. hlaut Júlían silfurverðlaun á Evrópumeistarmóti fyrir samanlagðan árangur en hlaut þar einnig gull í réttstöðu. Hann lýkur í ár sínu þriðja keppnistímabili í opnum flokki og er í þriðja sæti á heimslista IPF Alþjóðakraftlyftingasambandsins í +120kg. flokki.

Nafn íþróttakonu: Sóley Margrét Jónsdóttir

Aldur: fædd 2001

Félag: Kraftlyftingafélag Akureyrar

Sóley Margrét er nú í fyrsta sinn valin kraftlyftingakona ársins. Frá því hún byrjaði að keppa í kraftlyftingum hefur verið greinilegt að hún er gífurlega efnileg og á framtíðina fyrir sér.

Sóley varð Íslandsmeistari og bikarmeistari í opnum flokki á árinu 2019 en hún keppir í +84 kg. flokki og á öll Íslandsmet í kraftlyftingum í flokknum. Samanlagður árangur hennar 632,5 kg er mesta þyngd sem íslensk kraftlyftingakona hefur lyft

Sóley lýkur sínu síðasta keppnistímibili í stúlknaflokki 18 ára og yngri í ár, en í þeim aldurshópi hefur hún haft mikla yfirburði og er ríkjandi Heims- og Evrópumeistari. Hún setti á árinu heimsmet stúlkna í hnébeygju með 265,5 kg.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Sóley náð afrekslágmarkum í opnum flokki og keppti á HM í Dubai í nóvember 2019 þar sem hún hafnaði í 7.sæti. Árangur hennar hefur tryggt henni 7. sæti á heimslista IPF Alþjóðakraftlyftingasambandsins í +84kg flokki.

Nýliðun – HÆFILEIKAMÓTUN

Myndaður var á árinu úrvalshópur ungmenna í þeim tilgangi að ná til krakka sem hafa áhuga á að stunda íþróttina og veita þeim fræðslu, hvatningu og efla félagsandann.

Lára, Auðunn og Rúnar Friðriksson höfðu veg og vanda af undirbúningi og hittist hópurinn í fyrsta sinn í janúar. Þar mættu iðkendur frá fimm félögum og munu fleiri bætast við. Stefnt er að æfingarbúðum snemmsumars og þátttöku á NM í októberbyrjun.

Lögð er áhersla á þátttöku á NM fyrir þennan aldurshóp til að geta farið með fjölmenni, eftt samstöðu og liðsanda og er það í takti við afreksstefnu. Við litum á þessa þátttöku sem liður í hæfileikamótun KRAFT.

Fjórir ungir kraftlyftingaiðkendur tóku þátt í afreksbúðum ÍSÍ í nóvember og voru sér og sínum félögum til sóma.

Fjármál

Reikningar verða lagðir fram hér á eftir og getum við þær rætt áherslur og aðgerðir í þeim málum. Guðbrandur hafði frumkvæði og framkvæmd við að útbúa kynningarefni um starf sambandsins og leita stuðnins hjá helstu fyrirtækjum í landinu, og fylgði málinu eftir án þess að hafa erindi sem erfiði. Það er vonbrigði að ekki hefur tekist að styrkja fjáröflun en það þarf að gera ef við eigum að geta haldið áfram að styrkja okkar landsliðum og byggja upp innviði eins og við viljum.

Skortur á fé og skortur á aðstöðu eru að mínu mati helstu tálmar fyrir áframhaldandi vöxt íþróttarinnar. Það er áframhaldandi forgangsverkefni stjórnar.

Lyfjamál

Framkvæmd voru 14 (9) lyfjapróf af 11 (7) körlum og 3 (2) konum og reyndust þau öll neiðkvæð. 11 voru tekin utan keppni og 3 í tengslum við mót.

Lyfjaeftirlitið fær í hendur í upphafi árs lista yfir alla landsliðsmenn, hvenær þeir munu taka þátt í mótum erlendis, æfingastaði, æfingatíma og nafn þjálfara. Jafnframt mótaskrána okkar innanlands. Samstarfið við lyfjaeftirlitið hefur verið mjög gott. Þau hafa verið með fræðslu við úrvalshópinn og koma að málum á þjálfaranámskeiðinu.

Wada hefur uppfært lista sinn yfir bönnuð efni, en listinn er aðgengilegur á heimasíðu KRAFT. Reglunum eru hertar og töluverð skrifinska kringum þetta fyrir sambandið en þetta er svið þar sem ekki er gefinn afsláttur.

Í þessu sambandi vil ég minna á skýrum skilaboðum frá IPF um gildandi reglur sem banna þátttöku í kraftlyftingamótum utan vébanda IPF. Þetta ákvæðið endurspeglast í okkar reglum sem eru jafn skýrar um að allir sem koma að mótum á okkar vegum séu félagar innan sambandsins og að okkar menn taki ekki þátt í mótum utan okkar vébanda.

Þá er upptalin helstu tíðindi af 10. starfsári KRAFT

Ég vil ljúka máli mínu á að rifja upp fjöruga og ganglega umræðu á þinginu í fyrra um helstu áherslur, hlutverk og grunngildi KRAFT og í framhaldi af þeirru umræðu segja þetta:

Í 2. grein laga KRAFT er skýrt kveðið á um hlutverk sambandsins og hvað sambandinu er falið að sinna, en þar eru verkefni talin upp í 11 liðum.

Efst á blaði segir:

KRAFT er æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

a. að hafa yfirumsjón og yfirstjórn allra íslenskra kraftlyftingamála,

b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu, þar með talið afreksíþrótt, hæfileikamótun yngri íþróttamanna og almenningsíþrótt.

Afreksstarfið okkar er hluti af verkefninu, mikilvægt mjög og þarf að sinna vel, en starfið innanlands og á lægri stigum er líka mikilvægt, okkur er falið að opna leiðina inn í þetta sport fyrir sem flesta.

Í því sambandi vil ég benda á að meðal yfirlýstra markmiða í okkar afreksstefnu er að efla samstarf við ÍF og aðstoða við að veita fötluðum kraftlyftingamönnum faglega aðstoð og stuðning. Þetta er í takti við nýútkominni stefnuyfirlýsingu IPF þar sem *Inclusion* er ofarlega á blaði og væri gaman að sjá íslenska kraftlyftingakeppendur á næsta HM eða special olympics. KRAFT hefur aðstoðað ÍF með íslandsmótin þeirra undanfarin ár og gerir líka í ár, og samtal er að hefjast með stjórn þeirra um formgerð samstarfsins fötluðum íþróttaiðkendum og kraftlyftingaiþróttarinnar í heild til góða.

Ég vil aftur þakka öllum sem hafa komið að starfinu 2019.

Ég þakka skrifstofu og starfsmönnum ÍSÍ fyrir gott samstarf.

Framundan er nýtt keppnisár og starfsár og ég hvet okkur öll til dáða.

Koma svo!

Reykjavík 29.febrúar 2020

Gry Ek Gunnarsson

Formaður Kraftlyftingasambands Íslands

ÁRANGUR ÁRSINS

OPINN FLOKKUR

HM Í KRAFTLYFTINGUM

Hulda B Waage - -84 kg flokki – féll úr keppni

Sóley Margrét Jónsdóttir - +84 kg flokki – 7 sæti

Viktor Samúelsson - -120 kg flokki – féll úr keppni Júlían J K Jóhannsson - +120 kg flokki – bronsverðlaun samanlagt

Júlían J K Jóhannsson - +120 kg flokki – gullverðlaun í réttstöðulyftu

EM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Arna Ösp Gunnarsdóttir – 63 kg flokki – 13 sæti

Birgit Rós Becker – 84 kg flokki – 11 sæti

Friðbjörn Bragi Hlynsson – 83 kg flokki – 16 sæti

Ingvi Örn Friðriksson – 105 kg flokki – 14 sæti

EM Í KRAFTLYFTINGUM

Hulda B Waage - -84 kg flokki – féll úr keppni

Karl Anton Löve - -93 kg flokki – 12 sæti

Alex Cambray Orrason - -105 kg flokki – 8 sæti

Viktor Samúelsson - -120 kg flokki – 4 sæti

Júlían J K Jóhannsson - +120 kg flokki – silfurverðlaun samanlagt

Júlían J K Jóhannsson - +120 kg flokki – gullverðlaun í réttstöðulyftu

Júlían J K Jóhannsson - +120 kg flokki – bronsverðlaun í bekkpressu

EM Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Ríkharð Bjarni Snorrason - -120 kg flokki - 10 sæti

VESTUR-EVRÓPU MÓTIÐ Í KRAFTLYFTINGUM

Aron Ingi Gautason - 74 kg flokki - silfurverðlaun samanlagt
Alex Cambray Orrason - 105 kg flokki - gullverðlaun samanlagt
Þorbergur Guðmundsson - +120 kg flokki - gullverðlaun samanlagt

VESTUR-EVRÓPU MÓTIÐ Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Arna Ösp Gunnarsdóttir - 63 kg flokki - 6 sæti
Birgit Rós Becker - 84 kg flokki - 8 sæti
Friðbjörn Bragi Hlynsson - 86 kg flokki - 6 sæti
Ingi Örn Friðriksson - 105 kg flokki - 4 sæti
Viktor Samúelsson - 120 kg flokki - 4 sæti
Aron Friðrik Georgsson - 120 kg flokki - 5 sæti

FLOKKUR UNGLINGA 18 - 23 ÁRA

NM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Muggur Ólafsson - 74 kg flokki - 4 sæti
Guðmundur Smári Þorvaldsson - 93 kg flokki - 4 sæti

NM Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir - 57 kg flokki - silfurverðlaun

EM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Halldór Jens Vilhjálmsón - -105 kg flokki - 12.sæti

EM Í KRAFTLYFTINGUM

Íris Garðarsdóttir - bronsverðlaun í réttstöðu - -84 kg flokki
Kara Gautadóttir - bronsverðlaun í réttstöðu - -57 kg flokki
Guðfinnur Snær Magnússon - silfurverðlaun samanlagt í +120 kg flokki
Guðfinnur Snær Magnússon - silfurverðlaun í hnébeygju í +120 kg flokki
Guðfinnur Snær Magnússon - silfurverðlaun í bekkpressu í +120 kg flokki
Guðfinnur Snær Magnússon - bronsverðlaun í réttstöðu í +120 kg flokki

EM Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Matthildur Óskarsdóttir - silfurverðlaun í -72 kg flokki
Alexandrea Rán Guðnýjardóttir - -57 kg flokki - 4.sæti
Halldór Jens Vilhjálmsón - -150 kg flokki - 4.sæti

HM Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir - bronsverðlaun í -57 kg flokki

HM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Halldór Jens Vilhjálmsón - -105 kg flokki - 13.sæti

HM Í KRAFTLYFTINGUM

Karl Anton Löve – 93 kg flokki – 6.sæti

Kara Gautadóttir – 57 kg flokki – féll úr keppni

Guðfinnur Snær Magnússon – 120+kg flokki – féll úr keppni

Guðfinnur Snær Magnússon – 120+kg flokki – silfurverðlaun í bekkpressu

Guðfinnur Snær Magnússon – 120+kg flokki – silfurverðlaun í réttstöðu

FLOKKUR STÚLKNA OG DRENGJA 14 – 18 ÁRA

HM Í KRAFTLYFTINGUM

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun samanlagt í +84 kg flokki

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun í hnébeygju í +84 kg flokki

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun í bekkpressu í +84 kg flokki

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun í réttstöðu í +84 kg flokki

EM Í KRAFTLYFTINGUM

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun samanlagt í +84 kg flokki

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun í hnébeygju í +84 kg flokki

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun í bekkpressu í +84 kg flokki

Sóley Margrét Jónsdóttir – gullverðlaun í réttstöðu í +84 kg flokki

ALÞJÓÐAMET

Júlían J K Jóhansson – heimsmet í réttstöðulyftu í +120 kg flokki – 405,5 kg

Sóley Margrét Jónsdóttir – heimsmet í hnébeygju í +84 kg flokki stúlkna – 265,5 kg

FLOKKUR ÖLDUNGA

HM Í KRAFTLYFTINGUM

Sæmundur Guðmundsson – 74 kg flokkur M3 – bronsverðlaun samanlagt

EM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Sigþrúður Erla Arnardóttir – 84+ flokki M2 – bronsverðlaun samanlagt

Sigríður Dagmar Agnarsdóttir – 57 kg flokki M3 – 5 sæti

Sæmundur Guðmundsson – 74 kg flokkur M3 – 12 sæti

EM Í KRAFTLYFTINGUM

Halldór Eypórsson -83 kg flokki M3 – gullverðlaun samanlagt

María Guðsteinsdóttir -57 kg flokki M1 – silfurverðlaun samanlagt

Sæmundur Guðmundsson – 74 kg flokkur M3 – féll úr keppni

HM Í BEKKPRESSU

María Guðsteinsdóttir -57 kg flokki M1 – 5 sæti

HM Í KLASSÍSKRI BEKKPRESSU

María Guðsteinsdóttir -57 kg flokki M1 – 8 sæti